

## \*Tollflokkun vöru

Úrskurður nr. 8/1999.

Í máli þessu er deilt um tollflokkun á tæki sem ætlað til kennslu í sjónvarpstækni svokölluðum Colour Television Trainer. Tollstjóri gaf út í “Bindandi álit um tollflokkun vöru” að tækið skyldi tollflokkað í tollnúmer 8528-2109. Kærandi gerir kröfu um að tækið verði flokkað sem kennslutæki í tollnúmer 9023-0009. Ríkistollanefnd féllst á kröfur kæranda í málinu.

Lög nr. 55/1987 100. gr. 101. gr. Almennar reglur um túlkun tollskrár.

Með bréfi, dags. 28. júní 1999, kærir E bindandi álit tollstjóra nr. 9900072 dags. 28. apríl 1999 um tollflokkun á ET-890 Colour Television Trainer, tollstjóri tollflokkað tækið í tnr. 8528-2109.

Í fyrirspurn kæranda til tollstjóra og í kæru hans til nefndarinnar segir meðal annars að tækið ET-980 Colour Television Trainer sé ætlað til kennslu í sjónvarpstækni á seinni stigum skólakerfisins svo sem í iðnskólum, fjölbrautaskólum og eftirmenntunarskólum rafiðnaðarins. Tækið sé eingöngu ætlað til að kanna virkni hefðbundins litasjónvarps. Það samanstandi af myndlampa sem sé áfastur kassa sem hefur að geyma sérhæfðan grunn sjónvarpstækis. Á aðalborði tækisins eru yfir 60 tengipunktur til þess að framkvæma mælingar og prófanir eftir verkefnabók sem fylgir tækinu. Neðan við aðalborðið er annað borð með íhlutum þar sem meðal annars er rofaborð með 48 rofum ætlaðir fyrir kennarann, til að kalla fram mismunandi bilanir tengdar verkefnum í kennslubókum sem fylgja tækinu.

Þá segir að í framleiðslulínu framleiðandans “PROMAX” sem hafi aðsetur á Spáni, sé að finna fleiri gerðir sérhæfðra kennslutækja ætlaðar til kennslu á hinum ýmsu sviðum rafeindatækninnar. Innkaupsverð tækisins sé það hátt að teljast verður útilokað að um einkanotkun sé að ræða, því að fá megi u.þ.b. 5 sjónvarpstæki af sambærilegri stærð til almennra nota út úr verslun fyrir innkaupsverð eins slíks kennslutækis.

Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sé ofangreindur tækjabúnaður tollflokkaður í tollflokk 9023-0010 og þá sem búnaður til kennslu en ekki sem móttökutæki eins og gert sé í svari tollstjóra.

Að lokum segir að ekki sé með nokkru móti hægt að kenna virkni rafeindatækja, hvort sem um er að ræða sjónvarpstæki, tölvubúnað eða önnur rafmagnstæki með því að sjá eingöngu útlit þeirra og verði því að hafa fullstarfandi tæki eða tækjahluta til þess að um fullkomna kennslu verði að ræða. Hér sé því um verulegt hagsmunamál fyrir komandi kynslóðir að ræða, því að standa verði að kennslu í hinum ört vaxandi rafeindageira með þar til gerðum tækjabúnaði.

Í hinni kærðu niðurstöðu tollstjóra nr. 9900072 um bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru segir:  
“ET-890 Colour Television Trainer, tollflokkað í tnr. 8528-2109 skv. 1 og 3a túlkunarreglu tollskrár.”

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra ljósrít af kærinni. Í kröfugerð ríkistollstjóra segir m.a.:

“Eins og fram kemur í kæru til ríkistollanefndar og einnig í vörulýsingu með hinni kærðu ákvörðun er vara sú sem hér um ræðir búnaður til kennslu á virkni hefðbundins litasjónvarpstækis. Búnaðurinn er sett sem samanstendur af venjulegu velútbúnu litasjónvarpstæki með 14 tommu skjá og fjarstýringu og samtengdum kassa með rafrásam og rofum. Búnaðinum fylgja kennslubækur, leiðbeiningar-, æfinga, og viðgerðarhandbækur auk bilanahandbókar. Allar rafrásir sjónvarpsins eru tengdar í kassann undir því sem er útbúinn með þeim hætti að þar er rafrásateikning sjónvarpsins á borði með mælipunktum til að mæla virkni einstakra kerfa rafrásanna í sjónvarpinu. Undir rafrásateikningunni eru rofar sem kennarinn getur notað til þess að líkja eftir bilunum í hinum ýmsu hlutum kerfisins. Fram kemur í auglýsingabæklingi sem fylgdi kærinni til ríkistollanefndar að hægt er að nota búnaðinn sem venjulegt sjónvarpstæki.

Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir almennum reglum um túlkun hennar, en þær eru birtar fremst í tollskrá og hafa lagagildi líkt og aðrir hlutar hennar. Ber fyrst og fremst að fara eftir fyrstu reglunni og einungis beita þeim síðari og þá í rétttri númeraröð þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum.

Fyrsta reglan hljóðar svo: “Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum.”

Texti vöruliðar 8528 er svohljóðandi: “Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarp sviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða –flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors)”, og texti vöruliðar 9023 hljóðar svo: “Áhöld, tækjabúnaður og líkön, gert sem lýsitæki (t.d. til kennslu eða sýninga), ekki hæft til annarra nota”.

Á grundvelli 1. túlkunarreglunnar kemur vöruliður 9023 ekki til álita þar sem texti hans tiltekur að ekki megi vera hægt að nota þau tæki sem þar flokkað til annars en sem lýsitæki, t.d. til kennslu eða sýninga, en eins og áður hefur komið fram er hægt að nota viðkomandi búnað sem venjulegt sjónvarpstæki (domestic desktop TV).

Athugasemd 4 við flokk XVI í kveður á um að vélar gerðar úr sjálfstæðum hlutum sem ætlað er sameiginlega að  
blaðsíða 1/2

framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla tekur til, skuli í heild flokkast í þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis.

Búnaður sá sem hér um ræðir er í raun sjónvarpstæki sem hefur verið útbúið á þann hátt að auðvelt er að komast að rafrásunum þess til mælinga án þess að þurfa að opna tækið, auk þess sem komið hefur verið fyrir rofum á rafrásunum til þess að líkja eftir bilunum. Þessi aukabúnaður breytir ekki virkni tækisins sem er að taka á móti sjónvarpssendingum og sýna þær á skjá. Aukabúnaðurinn hefur enga sérstaka virkni aðra en þá að auðvelda aðgang að rafrásunum og stýra straum á einstökum hlutum þeirra, svipað og aðrir rofar á sjónvarpstækinu og/eða á fjarstýringunni.

Þar sem um er að ræða vörusamstæðu sem innflutt í einingum sínum myndi flokkast í hvert sitt númer tollskrár kemur til kasta 3ju almennu túlkunarreglu tollskrárinnar um flokkun á vöru þegar tveir eða fleiri vöruliðir koma til greina. Ekki er hægt að ákvarða flokkun á grundvelli reglu 3 a þar sem hver vöruliður tekur aðeins til hluta vörunnar í samstæðunni, 4901 bóka, 8528 móttökutækja fyrir sjónvarp, 8543 innrauðra fjarstýringa. Það sem helst einkennir samstæðuna í heild er sjónvarpið og verður því að flokka búnaðinn í heild sinni í þann vörulið, 8528.

Flokkun vöru í undirlíði fer eftir orðalagi þeirra, sbr. 6 almenna túlkunarreglu tollskrár og ber því að flokka búnaðinn í tnr. 8528.1209, móttökutæki fyrir sjónvarp, fyrir lit. Vöruliðurinn í ákvörðun tollstjóra er réttur en undirnúmerið, 2109, myndskjáiur fyrir lit er ekki rétt þar sem það á ekki við þessa vöru.”

Með vísun í ofanskráð krefst ríkistollstjóri þess að ákvörðun tollstjóra verði staðfest á grundvelli almennra túlkunarreglna tollskrár nr. 1, 3b og 6, og sbr. athugasemd 4 við XVI flokk þó með þeirri breytingu að undirnúmerinu verði breytt og úrskurðað verði að viðkomandi búnaður, ET-890 Colour Television Trainer, flokkist í tnr. 8528.1209.

Kærandi var send, í ábyrgðarpósti, kröfugerð ríkistollstjóra í málinu til umsagnar með bréfi dags. 21. júlí 1999. Kærandi sendi nefndinni ekki umsögn um kröfugerðina innan tilskilins frest.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og skoðað tækið og virkni þess hjá kærandi.

ET- 890 Colour Television Trainer tækið er samkvæmt lýsingum framleiðanda tæki til kennslu og/eða þjálfunar á sjónvarpstækjum og bilanaleitar í sjónvarpstækjum. Tækið hefur 14 tommu skjá sem er í sams konar kassa og hefðbundið sjónvarp en bretti, hátalarar og annað sem tilheyrir tækinu er í skúffuskáp sem skjárin stendur á. Í skúffuskápnum er einnig komið fyrir þeim rafeindabúnaði sem notaður er til að framkalla bilanir í tækinu. Í tækinu er PAL og SECAM kerfi, Euro tengi, Nicam hljóðkerfi, textavarp, fjarstýring o.fl.

Tækið er þannig uppbyggt að það sýnir á skýran hátt uppbyggingu ýmissa hluta sjónvarpsmóttakara. Það hefur 68 prófunar punkta eða punkta til að mæla virkni tækisins við bilanaleit. Framleiðandi tekur einnig fram að öruggt sé að vinna með mælistaði/mælipunkta og að þeir eru sérstaklega varðir með tilliti til þess að óvant fólk vinni við tækið.

Sérstakur hluti "module" gerir kleift að herma ýmsar bilanir sem upp kunna að koma í tækinu. Þessi hluti gerir kleift að framkvæma 35 bilanir á hinum ýmsu hlutum móttakarans með notkun 48 míkrorófa. Rofar þessir eru staðsettir í þar til gerðum læsanlegum kassa sem er fyrir komið við innviði sjónvarpstækisins.

Þá er enn fremur í tækinu örgjörvi sem gerir mögulegt að framkvæma æfingar sem tengjast IIC samskiptastaðli.

Þá fylgir tækinu kennsluefni, fræðilegt efni, leiðbeiningar- og þjónustuefni og leiðbeiningar vegna uppsetningar bilana.

Tækið hefur verulega aukagetu sem kennslutæki, er útbúið í hlutum sem ekki er að finna í venjulegum tækjum og er þannig uppbyggt að rásir þess eru vel aðgengilegar, auðmælanlegar og auðvelt er að framkvæma bilanir í tækinu sem þó eru ekki varanlegar. Innkaupsverð þess er margfalt hærra en hefðbundins sjónvarpstækis og það er óhentugt til annarra nota vegna uppbyggingar sinnar sem er verulega frábrugðin hefðbundnu sjónvarpstæki.

Í fjórðu athugasemd við vörulið 9023 eru framtalin hefðbundin tæki eða búnaður sem notaður er til kennslu. Þar er tekið fram að um sé að ræða þverskorin líkön (cross-sectional models) notuð til að sýna innri virkni eða mikilvæga hluta tækisins. Tækið sem hér um ræðir sýnir innri virkni nútíma sjónvarpstækis og mikilvægustu hluta þess. Það er þó ekki gert með því að skera tækið í sundur, heldur með því að setja rásir þess fram á skýran og aðgengilegan hátt fyrir kennslu. Tækið nýtir enn fremur nútíma rafeindatækni til að framkalla bilanir og hefur auk þess fulla virkni venjulegs sjónvarps enda væri gildi þess sem kennslutækis mun minna ef hvorki heyrðist hljóð né sæist mynd á skjá.

Við skoðun hins erlenda texta og þýðingar hans á íslensku kemur í ljós að enska orðið “**unsuitable**” er þýtt sem “ekki hæft” en nefndarmenn telja að “óhentugt” gefi frekar þá mynd sem fram er sett í hinum erlenda texta. Ber að túlka hinn íslenska texta með þetta í huga.

Með hliðsjón af ofanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og almennra reglna um túlkun tollskrárinnar regla 1 og 3a skal flokka ET- 890 Colour Television Trainer tækið í tnr. 9023.0009.